

EFTIRLITSSKÝRSLA

Molta ehf. Eyjafjarðarsveit



Dags eftirlits	22.3.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Molta ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Þveráreyrum 1a	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600407-0580	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávík komu fram við eftirlit en þrjár ábendingar voru settar fram er varða að núll punkt vantar í fráveitumælingar, styrkur ammoníaks í frárennsli er fremur hár og að öryggisblöð fyrir olíuefni vantar á starfsstöð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða jarðgerðarstöð Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit. Starfsleyfið heimilar móttöku á allt að 15.000 tonnum á ári af lífrænum úrgangi og stoðefnum til jarðgerðar.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Breytingar á rekstri
- Móttaka og skráning úrgangs
- Innra eftirlit og vöktun
- Eftirlitsmælingar og umhverfisvöktun
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Verklagsreglur vegna sóttmengaðra dýrahæja (urðunarstaðir, fiskeldi og þauleldisbú)
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Er þetta fyrsta eftirlit til rekstraraðila frá því að nýtt starfsleyfi var gefið út í nóvember 2020. Engin frávík komu fram í síðasta eftirliti, árið 2020 og engar ábendingar voru gerðar. Rekstraraðili brást strax við ábendingum sem fram komu við eftirlit 2019 er varða gildistíma starfsleyfis og verkferla vegna mengunaróhappa. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára, farið er úr eftirlitsflokk C sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn annað hvert ár niður í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar.

Magn móttekens úrgangs er innan marka starfsleyfis, eða um 7.250 tonn á árinu 2021 og skráningar þar um góðar. Fyllt er inn í rafrænt skráningakerfi rekstraraðila jafnóðum og úrgangur berst inn í stöðina. Magntölur úrgangs hafa verið skráðar inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Fátítt er að það þurfi að vísa úrgangi frá en athugasemdir eru gerðar ef farmurinn uppfyllir ekki þær kröfur sem settar eru.

Innra eftirliti og vöktun er vel sinnt og skráningar góðar. Umhverfismarkmið rekstraraðila eru birt á heimasíðu fyrirtækisins og er ný heimasíða í vinnslu. Skráningar um þjálfun starfsmanna eru góðar.

Gott viðhald er á osontæki lofthreinsibúnaðar og ekki hefur verið vandamál með lyktarmál. Sýni eru tekin reglulega úr frárennsli og niðurstöður þeirra hafa verið sendar til eftirlitsaðila. Síðast var sýni tekið í júní sl. Gerðar eru athugasemdir við hátt gildi ammoníaks í efnamælingunum. Eðli starfseminnar er slíka að gera má ráð fyrir hækkuðum gildum ammoníaks eftir niðurbrotsferlið en rekstraraðila er bent á að skoða hvort

hægt sé að lækka þau gildi með frekari hreinsun frárennslis áður en það er leitt út í viðtaka. Næsta sýnataka verður gerð á næstu vikum og verður gerð breyting á mælipunktum þannig að mældur verður 0 punktur í innrennslis í stað punkts við frárennslisrör í viðtaka þar sem sýnatökupunktur í endabrunni gefur betri sýn á þau gildi sem fara út frá vinnslunni, enda er hvorki innbæting né útrennslis úr lögnum frá endabrunni og niður í útrás til viðtaka. Verktakar koma 2 sinnum á ári og hreinsa frárennslisbrunna.

Gengið var um stöðina og vinnslusvæði hennar. Móttökurými skoðað sem og brunnar við siturlagnir og frárennslis út í viðtaka. Ekki eru gerðar athugasemdir þar um. Lóðin er snyrtileg á að líta og ekki er að sjá fokefni í nágrenni stöðvarinnar. Rekstraraðili hefur tekið í notkun vél, sem hreinsar út plast og aðra aukahluti úr hráefninu og því er ekki mikið um fokefni sem fara út í jarðgerðahaugana.

Samningur er í gildi við meindýraeyðir sem kemur mánaðarlega og fer yfir gildirur. Meindýr hafa ekki verið vandamál í stöðinni.

Einn olíugeymir er staðsettur utandyra og frágangur hans góður. Efnatunnur og brúsar sem staðsett er innandyra standa í lekabyttu og ekki gerð athugasemd þar um. Bent er á að öryggisblöð vegna olíuefna og annarra hættulegra efna skal geyma nálægt geymslustað efnanna þar sem þau eru aðgengileg starfsmönnum skv. gr. 3.9 í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

Bent er á að taka skal viðmiðunarsýni úr vatnsinntaki inn í verksmiðjuna til að meta áhrif losunar efna frá vinnsluferlinu í viðtaka.

Einnig er bent á að styrkur ammoníaks í frárennslis að lokinni hreinsun í siturbeði er fremur hár og leita þarf leiða til að lækka þau gildi.

Bent er á að öryggisblöð vegna olíuefna og annarra hættulegra efna skal geyma nálægt geymslustað efnanna þar sem þau eru aðgengileg starfsmönnum skv. gr. 3.9 í starfsleyfi.

ANNAD

Farið var yfir sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðin um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var verkferill um aukaafurðir dýra sendur með fundarboðinu og rekstraraðili beðin um að kynna sér hann.

Leyfi Matvælastofnunar er runnið út en umsókn hefur verið send inn og er hún í vinnslu hjá stofnuninni.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 20.04.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir